

Colas Ísland ehf. / v Ammann 2
Björk Úlfarsdóttir
Gullhelli 1
221 Hafnarfjörður

Reykjavík, 10.9.2024
UST202402-127/gf
08.08.02

Varðar reglubundið eftirlit í færánlega malbikunarstöð Colas Ísland ehf. - Ammann 2 stöðina sem staðsett var í Bolungarvík, þann 20. ágúst 2024. ID470 og samþykkt úrbótaáætlun

Þann 20. ágúst sl. fór fram reglubundið eftirlit í Ammann2 malbikunarstöð Colas Ísland ehf. sem staðsett var á Bolungarvík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Eitt frávik fannst í eftirliti. Magn kolmónoxíðs í útblæstri var yfir starfsleyfismörkum og er frávik frá kröfum í starfsleyfi. Farið var í úrbætur og skipt var um brennara og skyldi það lækka magn kolmónoxíðs í útblæstri.

Niðurstöður mælinga í útblæstri bárust 9. september sl. og kom í ljós að úrbætur höfðu ekki skilað tilætluðum árangri.

Með mælingarniðurstöðum barst ný úrbótaáætlun. Malbikunarstöðin fer í geymslu núna en rekstraraðili ætlar í vor að fá sérfræðinga frá AMMANN á Ítalíu til að koma til landsins og fara í allsherjar yfirferð á malbikunarstöðinni með sérstöku tilliti til brennara og útblásturs.

Þegar viðgerð er lokið mun skýrsla með nýjum kolmónoxíð-mælingum verða send á Umhverfisstofnun til staðfestingar á því að losun frá stöðinni sé innan losunarmarka.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila og gefin er frestur til 15. maí 2025 til þess að skila mælingarniðurstöðum sem sýna fram á að stöðin uppfylli kröfur í starfsleyfi.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt,

Gottskálf Friðgeirsson

Frigg Thorlacius
lögfræðingur